



## Fundargerð 27. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 04. mars 2025 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVV)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

**Fjarverandi:** Ari Halldór Hjaltason (AHH), Valdemar Johnsen (VJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

AÓS ritaði fundargerð.

### 1. Gjaldskrá

Lögð er til hækkun á gjaldskrá fyrir keppnisskírteini ásamt öðrum lagfæringum á gjaldskrá.

Stjórn samþykkir breytingar á gjaldskrá og felur HKS að birta uppfærða gjaldskrá á heimasíðu sambandsins og verður gjaldskrá einnig lögð fyrir næstkomandi ársþing til kynningar.

### 2. Fjárhagsáætlun

Formaður fór yfir fjárhagsáætlun 2025 sem lögð verður fyrir næstkomandi ársþing til samþykktar.

### 3. Afreksstarf og alþjóðleg keppnisskírteini

Einstaklingar sem uppfylla skilgreiningar afreksstefnu AKÍS um framúrskarandi keppendur, afreksmenn eða afreksefni og eru á 26. aldursári eða yngri fá alþjóðleg keppnisskírteini sér að kostnaðarlausu. Undirrita skal samkomulag milli afreksfólks og AKÍS þar sem skyldum aðila er lýst og að AKÍS muni standa fyrir afreksstarfi og afreksfólk skuli stunda það starf.

### 4. Ársreikningur

Fyrir liggur yfirfarinn ársreikningur og verður hann sendur stjórn og skoðunarmönnum til rafrænnar undirritunar.

**Til kynningar:**

- Aðalfundur Bílaklúbbs Skagafjarðar er 5. mars kl 18:00 á Kaffi Krókur
- Aðalfundur Heklu er 18. mars
- Aðalfundur Start er 12. mars á Tehúsinu á Egilsstöðum



Næsti fundur verður 8.3.2025 kl 10:00 Ársþing AKÍ

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:27